

Getur ólöglegur rekstur talist ábyrgur?

Ólafur M. Ólafsson veltir fyrir sér lögmæti reksturs spilakassa: "...þá getur þessi starfsemi engan veginn talist standast lög."

FYRIR nokkru síðan var ítarlegt viðtal við mig í Morgunblaðinu þar sem ég lýsti því hvernig ég hefði misst aleigu mína vegna þess að einstaklingur mér nákominn hefði ánetjast spilafíkn. Um árabíl hef ég reynt að leita réttar míns því einhvers staðar held ég að hann sé til staðar. Ég gerði mér fljótlega grein fyrir því að slíkt mál yrði ekki sótt á neinum sanngirnirökum heldur hlyti það að vera lagabókstafurinn sem réði. Þess vegna beindi ég sjónum mínum að lögum og reglugerðum sem um þessi efni eiga að gilda.

Fljótlega eftir að viðtalið við mig birtist í Morgunblaðinu skrifar Jóhannes Rúnar Jóhannsson, stjórnarformaður Íslandsspila, grein í blaðið undir heitinu Löglegur og ábyrgur rekstur spilakassa. Þar er öllu því sem ég hefi haldið fram vísað til föðurhúsanna. Það sem ég hins vegar sakna í málflutningi stjórnarformannsins, sem jafnframt titlar sig hæstaréttarlögmann, eru rök og vísan í lagatexta og reglugerðir.

Orðalag laganna afdráttarlaust


Lítum aðeins á málflutning stjórnarformannsins. Hann segir réttilega að ég haldi því fram að rekstur spilakassa á Íslandi sé ólöglegur samkvæmt almennum hegningarlögum. Hér sé um að ræða alvarlega ásökun sem "til allrar hamingju" sé "á misskilningi byggð". Er það nú svo? Sjálfum þykir mér orðalag 183. greinar hegningarlaganna afdráttarlaust en þar segir: "Sá sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim skal sæta sektum... eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar eru." Enn fremur segir að ákveðið skuli með dómi, hvort vinningi af fjárhættuspili eða veðmáli skuli skilað aftur eða hann gerður upptækur. Og í 184. grein hegningarlaganna segir: "Hver, sem aflar sér tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil eða veðmál fara fram í húsnæði, er hann hefur umráð yfir, skal sæta sektum... eða fangelsi allt að ári." Jóhannes Rúnar vitnar í lög frá því á áttunda áratug síðustu aldar sem leyft hafi spilakassa og að núverandi starfsemi, annars vegar á vegum Íslandsspila (í eigu Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ) og hins vegar Happpdrættis Háskóla Íslands hvíli á afdráttarlausri lagaheimild. Hér vísar hann í lög nr. 73/1994 og 13/1973. Niðurstaðan er í augum hæstaréttarlögmannsins alveg skýr: "Rekstur spilakassa er samkvæmt framansögðu lögmætur. Hann á sér stoð í heimild löggjafans, þ.e. lögunum, og heimild framkvæmdavaldsins, þ.e. starfsleyfi veittu af ráðherra á grundvelli laganna. Löggjafanum er án efa heimilt að mæla svo um í lögum, að tiltekin háttsemi sé heimil að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þótt slík starfsemi sé almennt bönnuð og jafnvel refsiverð." Þarna þykir mér stjórnarformaður Íslandsspila fara fram úr sjálfum sér. Þau lög sem hann vitnar til veita vissulega heimild til reksturs "söfnunarkassa" (sbr. orðalag laganna) en ekki fjárhættuspila af því tagi sem hér er stunduð í þessum kössum. Það er allavega minn skilningur. Ef minn skilningur væri hins vegar rangur og Jóhannes Rúnar hefði rétt fyrir sér, þá hlytu þau "ákveðnu skilyrði" sem hann vísar til, að skipta sköpum því á grundvelli þeirra væri verið að veita undanþágu frá almennri reglu. Í því sambandi hef ég bent á að fjárhættuspilakassar Happpdrættis Háskóla Íslands og Íslandsspila eru ekki í samræmi við þau leyfisbréf sem út hafa verið gefin auk þess sem þeirri ótvíræðu lagaskyldu hefur ekki verið fullnægt að gefa út reglugerð um framkvæmd laganna. Eftir þessu hefur ítrekað verið gengið á Alþingi. Í öðru lagi held ég að hegningarlögin verði varla afgreidd eins léttilega og stjórnarformaðurinn og talsmenn fjárhættuspilanna vilja gefa sér. Alla vega vil ég að dómstólar fari rækilega í saumana á því máli.

"Álit þeirra sem til þekkja"

Sem áður segir hef ég fengið að finna illa fyrir spilakössum, í mínu tilviki frá Rauða krossi Íslands. Ég hef einnig kynnst hlutskipti fjölda fólks sem segir svipaða sögu. Okkar álit er hins vegar ekki í hávegum haft í hópi þeirra sem verja þennan rekstur, sbr. þessi orð stjórnarformanns Íslandsspila: "Álit þeirra sem til þekkja er að íslenska rekstrarfyrirkomulagið sé til fyrirmyndar og eftirsóknarvert fyrir aðra, þar eð hagnaður af rekstri spilakassanna rennur óskiptur til góðra málefna í þágu samfélagsins." Eins og svo oft áður er reynt að draga upp þá mynd að það eina sem vaki fyrir forsvarsmönnum fjárhættuspilakassanna sé málefnaleg umræða: "Markviss, upplýst og opinber umræða um spilafíkn er af hinu góða, því hún hvetur þá sem haldnir eru slíkri árattu til að endurmeta stöðu sína og leita sér aðstoðar. Mikilvægast er þó að slík umræða byggist á áreiðanlegum, ábyrgum og faglegum forsendum því einungis þannig getur hún leitt af sér bættan árangur til framtíðar."

Svara óskað

Í ljósi þessara orða Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar vil ég beina þremur spurningum til hans. Í fyrsta lagi að hann bendi á þau ákvæði laga sem heimila rekstur fjárhættukassanna og færi rök fyrir því að lögin heimili þau fjárhættuspil sem hann er í forsvari fyrir. Í öðru lagi að hann bendi á þær reglugerðir sem kveðið er á um í lögum að skuli vera til staðar. Í þriðja lagi óska ég eftir "áreiðanlegum, ábyrgum og faglegum" upplýsingum sem sýna fram á að fullt samræmi sé á milli leyfisbréfa annars vegar og raunverulegs fyrirkomulags við rekstur spilakassanna hins vegar, t.d. hvað snertir leyfilega mynt. Í fyrrnefndu viðtali við mig tel ég mig hafa sýnt fram á að þetta fyrirkomulag standist ekki skoðun. Að lokum vil ég ítreka að ég er ekki tilbúinn að gleypa það sem sannleika að óreyndu að jafn skýrum ákvæðum hegningarlaga og áður var vitnað til verði ýtt til hliðar jafn auðveldlega og hér hefur



Ólafur M. Ólafsson

verið gert með leyfisbréfum ráðuneytis. Alla vega er eitt alveg skýrt í mínum huga: Þegar allt samhengi hlutanna er skoðað, annars vegar lögin, skortur á reglugerðum, orðalag og ákvæði leyfisbréfanna og hins vegar sjálft fyrirkomulagið á rekstrinum, þá getur þessi starfsemi engan veginn talist standast lög.

Höfundur hefur beitt sér gegn spilafíkn.

Landsaðgangur | **hvar.is**
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM